

# Minnisblað

## *1612120 - Barnvænt samfélag, vottun*

Bergsteins Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi kynnti verkefnið Barnvæn sveitarfélög á fundi bæjarráðs vorið 2017. Um er að ræða líkan sem UNICEF á Íslandi í samstarfi við umboðsmann barna hefur þróað fyrir sveitarfélög til að stuðla að innleiðingu Barnasáttmálans innan íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkti að stofna stýrihóp til að hafa umsjón með verkefninu.

Hugmyndin er að almennur vilji sé fyrir því að gera réttindi barna að rauðum þræði í starfi sveitarfélagsins. Öll svið sveitarfélagsins þurfa að koma að þessu starfi og skal jafnframt hugað að því að kjörnir fulltrúar eigi sæti í hópnum. Mikilvægt er einnig að leita til Ungmennaráðs sveitarfélagsins og fulltrúum þess boðin þátttaka í hópnum. Ungmennaráðið ætti að vera þátttakandi í innleiðingu Barnasáttmálans frá upphafi.

Stýrihópurinn hefur ekki verið skipaður en það liggur fyrir að hér er um viðamikil verkefni að ræða og í leiðbeiningum frá UNICEF kemur fram að tilnefna þurfi starfsmann sem umsjónaraðila verkefnisins. Áður en farið er af stað er nauðsynlegt að tryggja fjármagn þannig að verkefnið skili því sem til er ætlast. Innleiðingarferli verkefnisins tekur tvö ár og skiptist í 8 skref, sem sveitarfélag stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Að tveimur árum liðnum, getur sveitarfélagið sótt um viðurkenningu hjá UNICEF á Íslandi. Viðurkenningin er háð því að starfsfólk UNICEF meti sem svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar og að aðgerðaráætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf sveitarfélag að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að tveimur árum liðnum.

Verkefnið er umfangsmikið og mikilvægt er að vanda vel til undirbúnings. Leitað hefur verið eftir upplýsingum um verkefnið og jafnframt óskað eftir upplýsingum frá Akureyri sem var fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að nýta sér líkanið.

Næstu skref í málinu eru að tryggja fjármagn til verkefnisins, skipa stýrihóp og ráða verkefnastjóra sem vinnur með stýrihópnum. Hafnarfjarðarbær ásamt UNICEF standa þar næst fyrir viðburði þar sem yfirlýsing um samstarfið er undirritað og verkefnið kynnt.

Hafnarfjörður 29. apríl 2018

Faney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri Fræðslu- og frístundaþjónustu  
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu  
Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs